Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 11.11.2025
25091746

Minnisblað um opnun leikskóla í vetrarleyfi 27.-28 október 2025

Samkvæmt tillögu starfshóps í leikskólamálum tók meirihluti barna og starfsfólks í leikskólum Kópavogs leyfi í vetrarleyfinu dagana 27.-28. október og nýtti starfsfólk þessa daga til að taka út betri vinnutíma. Allir foreldrar sem þurftu á að halda gátu skráð börn sín í dvöl þessa daga.

Fyrsta daginn voru 251 börn skráð í dvöl en mættu 206, annan daginn voru 259 börn skráð í dvöl en mættu 207 eða um 10% barna sem mættu hvern dag. Starfsmenn voru u.þ.b. 60 þessa daga. Flest börn frá einstökum leikskólum voru 27 í leikskólanum Arnarsmára og fæst voru þau 4 í leikskólanum Grænatúni. Leikskólinn Aðalþing er lokaður á skráningardögum.

Með hliðsjón af þeim fjölda barna sem skráð voru í dvöl var ákveðið að hafa þrjá leikskóla opna í vetrarleyfinu. Að þessu sinni voru það Kópasteinn, Fagrabrekka og Fífusalir sem voru opnir og var horft til þarfa þeirra barna sem skráð voru í dvöl og samsetningar barnahópa í einstökum leikskólum ásamt því að bjóða upp á opna leikskóla í efri og neðri byggðum bæjarins.

- Kópasteinn - hverfi 200
  Börn frá Álfaheiði, Álfatúni, Efstahjalla, Furugrund, Grænatúni, Kópahvoli, Kópasteini og Marbakka og þar voru þessa tvo daga samtals 162 börn skráð í dvöl en mættu 128 börn.
- Fagrabrekka – hverfi 200 og 201
  Börn frá Arnarsmára, Fögrubrekku og Urðarhóli þar voru þessa tvo daga samtals 120 börn skráð í dvöl en mættu 105 börn.
- Fífusalir – hverfi 201
  Börn frá Austurkór, Baugi, Dalur, Kór, Fífusölum, Læk, Núp, Rjúpnahæð og Sólhvörfum þar voru þessa tvo daga samtals 222 börn skráð í dvöl en mættu 192 börn.

Leikskólastjórnendur þessara þriggja leikskóla voru í vinnu þessa daga og báru ábyrgð á skólastarfinu. Fulleldaður matur var pantaður frá Skólamat ehf. og starfsmaður í eldhúsi leikskólanna sá um undirbúning og frágang ásamt stjórnendum leikskólanna.

Skólastarfið var skipulagt þannig að börn af einstökum leikskólum héldi hópinn og væri saman á deild með sínu starfsfólki, sem þekkir barnahópinn. Það fór svo eftir fjölda barna í hverjum leikskóla hvort hann hefði eina deild fyrir sig eða væri saman með öðrum leikskóla. Foreldrar fengu greinargóðar upplýsingar um starfsemi og skipulag leikskólanna þessa daga ásamt almennum leiðbeiningum um staðhætti, hvar ætti að ganga inn í viðkomandi leikskóla o.þ.h. Búið var að merkja deildir með nafni viðkomandi leikskóla og fatahólf voru merkt með nöfnum barnanna. Leikskólastjórnendur boðuðu starfsfólk sem átti að starfa í leikskólunum þessa daga, á fundi í vikunni á undan, þar sem allir gátu skoðað húsnæðið og aðstöðuna og mátað sig í nýju umhverfi. Vikurnar

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

fyrir opnun var lögð áhersla á að starfsfólk myndaði góð tengsl við þau börn sem skráð voru í dvöl til að tryggja vellíðan þeirra og öryggi.
Leikskólastarfið gekk mjög vel þessa daga og börnum og starfsfólki leið vel og almenn gleði og ánægja ríkti í leikskólunum enda ágætis reynsla komin af skráningardögunum. Leikskólaráðgjafar á menntasviði voru í góðu samstarfi við leikskólana þessa daga og upplifðu almenna ánægju.

Skráningardagar - Leikskólar Kópavogs 27. - 28.október 2025

	Skráning barna Mánudagur 27. október	Mæting barna Mánudagur 27. október	Skráning barna Þriðjudagur 28. október	Mæting barna Þriðjudagur 28. október	Heildarfjöldi barna Skráning	Heildarfjöldi barna Mæting	2020	2021	2022	2023	2024
200 Leikskóli - 201/203 Leikskóli	Skráð	Mætt	Skráð	Mætt							
Leikskólinn Aðalþing	0	0	0	0							
Leikskólinn Arnarsmári	27	25	27	26	27	26	14	6	2	5	
Leikskólinn Austurkór	18	17	18	17	18	17	2	6	1	5	4
Leikskólinn Álfaheiði	5	3	6	3	6	3		2		4	
Leikskólinn Álfatún	13	12	12	11	13	12	4	2	1	4	2
Barnaskóli Kársness	6	2	6	4	6	4	2		1	3	
Leikskólinn Baugur	9	7	13	9	13	9	3	3	3	2	1
Leikskólinn Dalur	13	11	13	9	13	11	4	1	3	5	
Leikskólinn Efstihjalli	6	5	6	5	6	5	0	4	1	1	0
Leikskólinn Fagrabrekka	10	9	10	6	10	9	5				5
Leikskólinn Fífusalir	14	12	14	12	14	12	5	6	1	2	
Leikskólinn Furugrund	15	14	15	14	15	14	3	5	5	2	
Leikskólinn Grænatún	4	3	4	3	4	3		1	3		
Leikskólinn Kópahvoll	9	5	9	6	9	6	2	3	4	2	
Leikskólinn Kópasteinn	12	10	12	10	12	10	1	5	5	1	
Leikskólinn Kór	8	6	8	6	8	6					
Leikskólinn Lækur	15	14	14	14	15	14	3	2	5	4	1
Leikskólinn Marbakki	11	8	13	10	13	10	3	3	2	1	4
Leikskólinn Núpur	15	14	16	14	16	14	2	5	2	5	2
Leikskólinn Rjúpnahæð	6	4	6	4	6	4	2	1	2		1
Leikskólinn Sólhvörf	12	10	14	12	14	12	2	6	2	3	1
Leikskólinn Urðarhóll	23	21	23	18	23	21	7	7	6	4	0
	251	212	259	213	261	222	64	68	49	53	21

Heildarfjöldi barna:	Hverfi 200		Hverfi 200/201		Hverfi 201-203	
Börn 2020:64	Skráning	Mæting	Skráning	Mæting	Skráning	Mæting
Börn 2021: 68	80	62	60	55	110	95
Börn 2022: 48	82	66	60	50	112	97
Börn 2023: 52	162	128	120	105	222	192
Börn 2024:21						

27. október samtals skráð 249 börn, samtals mætt 212 börn
28. október samtals skráð 253 börn, samtals mætt 213 börn

110/112 börn verða í Fífusölum(Austurkór, Baugur, Dalur, Fífusalir, Kór, Lækur, Núpur, Rjúpnahæð og Sólhvörf
60/60 börn verða í Fögrubrekku(Arnarsmári, Fagrabrekka, Urðarhóll)
80/82 börn verða í Kópasteini(Álfaheiði, Álfatún, Barnaskóli Kársnes, Efstihjalli, Furugrund, Grænatún, Kópahvoll, Kópasteinn, Marbakki)

Virðingarfyllst,

_____
Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðstjóri Menntasviðs

_____
Sigrún Hulda Jónsdóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Hulda Jónsdóttir

Tími: 17.11.2025 16:36
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign